

Umsögn

um framkomnar athugasemdir um kynningu á áformum um friðlýsingu svæðis í Þjórsárdal

Tillaga að friðlýsingu Gjárinnar barst Umhverfisstofnun frá sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Virk vinnsla málsins hófst um mitt ár 2018 með skipun samstarfshóps sem hafði það hlutverk að vinna að undirbúningi friðlýsingarinnar. Hópin skipa: frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi: Björgvin Skafti Bjarnason, Ingvar Hjálmarsson, Anna Sigríður Valdimarsdóttir og Kristófer A. Tómasson; frá Umhverfisstofnun: Hildur Vésteinsdóttir, Ingibjörg Marta Bjarnadóttir og Jón Smári Jónsson [síðar Hákon Ásgeirsson]; frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti: Guðríður Þorvarðardóttir; frá Minjastofnun: Þór Hjaltalín og Uggi Ævarsson; frá forsætisráðuneyti: Regína Sigurðardóttir; frá Skógræktinni: Hreinn Óskarsson.

Á íbúafundi í Árnesi þann 25. október 2018 um kynningu á fyrirhugaðri friðlýsingu Gjárinnar lýstu fundarmenn yfir eindregnum vilja til þess að friðlýsingin næði yfir stærra svæði en Gjánna og að m.a. Háifoss, Granni og Hjálparfoss myndu falla innan marka hins friðlýsta svæðis. Á fundi samstarfshóps þann 21. nóvember 2018 var samþykkt að vinna að undirbúningi friðlýsingar svæðis sem næði til stærri hluta Þjórsárdals heldur en upprunalega hugmyndin var. Vegna fjölda menningarminja á svæðinu hafði Minjastofnun Íslands verið upplýst um áform um stækkun svæðisins og fulltrúar stofnunarinnar boðaðir á áður nefndan fund. Í kjölfarið hóf Minjastofnun vinnu við friðlýsingu búsetulandslags í Þjórsárdal á grundvelli laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Þann 21. desember 2018 voru áform um friðlýsingu svæðis í Þjórsárdal auglýst skv. 2. mgr. 36. gr. náttúruverndarlaga og veittur frestur til 18. febrúar 2019 til að skila athugasemdum. Var auglýsingin birt í Lögbirtingarblaði og á heimasíðum Umhverfisstofnunar og umhverfis- og auðlindaráðuneytis, í Fréttablaðinu og á facebooksíðu Umhverfisstofnunar. Jafnframt var sent erindi til eftirfarandi aðila þar sem vakin var athygli á áformunum:

Afréttarmálafélag Flóa- og Skeiða
Afréttarmálanefnd Gnúpverja
Ferðafélag Íslands
Ferðafélagið Útivist
Ferðamálastofa
Félag leiðsögumanna
Hekluskógar
Landgræðsla ríkisins
Landssamband hestamanna
Landssamtök hjólreiðamanna
Landsvirkjun
Landvarðafélagið
Landvernd

Náttúrufræðistofnun Íslands
Náttúrustofa Suðurlands
Náttúruverndarsamtök Íslands
Náttúruverndarsamtök Suðurlands
Markaðsstofa Suðurlands ses.
Minjaráð Suðurlands
Minjastofnun Íslands
Samgöngustofa
Samtök ferðaþjónustunnar
Skógræktin
Slysavarnarfélagið Landsbjörg
Vegagerðin

Alls bárust 10 athugasemdir og ábendingar á kynningartíma um áform um friðlýsingu svæðisins og verður hér á eftir gerð grein fyrir þeim ásamt umsögn Umhverfisstofnunar.

Afmörkun svæðisins

Í bréfi Landsvirkjunar, dags. 12. febrúar 2019, kom fram að Landsvirkjun taldi mikilvægt að tekið yrði tillit til mannvirkja og starfsemi tengdri orkuvinnslu við útfærslu friðlýsingar, bæði hvað varðar afmörkun svæða og friðlýsingarskilmála. Lagði Landsvirkjun til að Sandafell sem er athafnasvæði vegna orkuvinnslu við Sultartanga yrði utan marka svæðisins og að friðlýsingaskilmálar myndu á engan hátt skerða starfsemi tengda núverandi orkuvinnslu. Með bréfinu sendi Landsvirkjun kort sem sýnir tillögu að breyttum mörkum.

Með erindi dagsettu, 17. febrúar 2019, benti Bergur Þór Björnsson á að í landi Skriðufells væri mýri, Seljamýri, fyrir framan sæluhúsið Klett fremst í hlíðum Heljarkinnar og að Grjótá renni fyrir framan sæluhúsið. Seljamýri var nýtt til sláttar fram á 20. öld og voru gerðar áveitur í hana. Telur Bergur að ráðlegt væri að mýrin og áveiturnar yrðu hluti friðlýsta svæðisins vegna aldurs þeirra sem geri þær sjálfkrafa að friðlýstum menningarminjum.

Með erindi, dags. 18. febrúar 2019, lagði Sigprúður Jónsdóttir til að fjallið Dímon yrði innan friðlýsta svæðisins. Fram kemur að Dímon sé fagurt fjall og vel gróið og að munnmæli hermi að skógurinn í Dímon hafi verið svo mikill um landnám að ekki sást í klettabeltið efst í honum. Einnig telur hún að Sandártunga, Þórðarhöfði og Sölmundarholt ættu að vera innan friðlands og hún sjái ekki ástæðu til að útlínur friðlandsins þveri dalinn þar norðan við þar sem engin landfræðileg eða vistfræðileg mörk séu þar. Eins telur hún að endurskoða þurfi útlínur í austri, frá Sandafelli og niður undir Sámstaðamúla. Þar þurfi að laga útlínur að náttúru og landslagi en ekki láta nægja að strika beina línu. Það sama megi segja með norður- (um Sandafell) og norðvesturmörk (Heljarkinn) svæðisins. Ef einhversstaðar mætti minnka friðlandið væri það að friðlandsmörk yrðu um Fossöldu og norður fyrir Rauðukamba og þaðan út að Sandá. Lagði hún einnig til að fleiri kunnugir yrðu kallaðir til skrafs og ráðagerða þegar endanleg mörk friðlandsins yrðu ákvörðuð.

Í erindi Náttúrufræðistofnunar Íslands, dags. 28. janúar 2019, kom fram að ekki væri ljóst hvaða forsendur lægju að baki afmörkun vestari marka sem miði við Grjótá og Sandá sem falla um botn Þjórsárdals vestanverðan og að það sé spurning hvort ástæða væri til að færa þau vestar. Á þetta var bent því vestur af Sandá eru birkitorfur sem kallast Fagriskógur í eða við Áslákstungnagil. Skógartorfunar eru leifar víðfeðmari skóga sem hafa ekki eyðst þrátt fyrir mikla nýtingu frá upphafi Íslandsbyggðar. Í þeim er þykkur jarðvegur sem geymi gjóskubunka úr fjölmörgum eldgosum Heklu, bæði sögulegum og forsögulegum, auk gjósku frá fleiri eldstöðvum. Nú væru torfunar berskjaldaðar gegn roföflum en gjóskuskotin moldin allt í kringum þær grói seint og illa nema mannlegt inngrip komi til. Taldi Náttúrufræðistofnun Íslands það vera mikinn akk í varðveislu a) upprunalegra birkiskóga, b) gott dæmi um gjóskulagaröð frá einni frægustu eldstöð landsins og c) þann mikla kolefnisforða sem þykk brúnjörðin hefur að geyma en losnar nú smám saman vegna rofs. Einnig tók Náttúrufræðistofnun fram að vestan Grjótár sé allmikið votlendissvæði sem nefnist Seljamýri og hefur stofnunin m.a. kortlagt þar starungsmýravist og hengistararflóavist. Votlendið þeki tæplega 0.5 km². Mýrarnar voru nytjaðar um tíma eins og sjá má af ummerkjum um handgrafna skurði en eiginleg framræsing hefur ekki farið fram. Ef afmörkun friðlýsta svæðisins yrði færð vestar og innihéldi Fagriskóg og Seljamýri mætti auka verndargildi Þjórsárdals hvað vistgerðir snertir. Einnig var nefnt að jarðhita gætir í Þjórsárdal en rannsóknir á jarðhitagróðri og kortlagning jarðhitavistgerða hafa ekki farið fram á þessu svæði.



Umsögn Umhverfisstofnunar

Á fundi, dags. 6. mars 2019, fór samstarfshópur sem vinnur að undirbúningi friðlýsingar svæðis í Þjórsárdal yfir þær athugasemdir og ábendingar sem bárust á kynningartíma. Var það niðurstaða fundarins að afmörkun svæðisins fari ekki vestur yfir Sandá og inn á eignarland að svo stöddu heldur skyldi miða að því að friðlýsa það svæði sem lagt var upp með eftir íbúafund í Árnesi þann 25. október 2018, þ.e. Gjáin og Fossárdalur með Háafossi, Granna og Hjalparfossi. Er með þeirri ákvörðun ekki tekin afstaða til verndargildis svæðis vestan Sandár né útilokaðir möguleikar á friðlýsingu þessar svæða síðar. Taldi hópurinn raunar að kanna ætti möguleika á friðlýsingu þeirra svæða sem vísað er til í ábendingunum þegar vinnu við friðlýsingu Gjárinnar, Fossárdals og nágrennis væri lokið.

Hvað varðar ábendingar um friðlýsingu Seljamýrar vegna menningarminja sem þar er að finna er bent á að Minjastofnun Íslands vinnur að undirbúningi friðlýsingar í Þjórsárdals á grundvelli menningarminja sem mun að öllum líkindum ná yfir það svæði sem vísað er til.

Hvað varðar ábendingar Landsvirkjunar um að Sandafell og mannvirki og athafnasvæði því tengt verði utan hins friðlýsta svæðis þá var mörkum svæðisins breytt því til samræmis.

Hvað varðar ábendingar um að samstarfshópur skyldi hafa frekara samráð við afmörkun svæðisins voru gerðar breytingar á mörkum svæðisins í kjölfar ábendinga frá fulltrúum sveitarfélags eftir samráð við t.a.m. afréttarmálanefnd.

Athafnir og starfsemi innan svæðisins

Í bréfi Rauðukamba, dags. 28. janúar 2019, kom fram að fyrirtækið fagni áformum um friðlýsingu og teldi friðlýsingu mjög jákvætt skref til að vernda einstaka náttúru Þjórsárdals. Einnig kom fram að áhersla á náttúruvernd og sjálfbærni hafi frá upphafi verið veigamikill hluti af uppbyggingunni við Reykholt og að framkvæmdir falli vel að landslagi og ásýnd svæðisins. Dæmi voru tekin um að áætlað væri að langt yrði gengið við hönnun fráveitu og að allar byggingar yrðu vottaðar skv. vistvottunarkerfinu Breeam og rekstur hótels og baðstaðar vottaður með Svansvottun eða sambærilegu kerfi. Þá lögðu forsvarsmenn Rauðukamba áherslu á stuðning við uppbyggingu tengdri útivist og ferðamennsku í Þjórsárdal t.d. með gerð göngubrúar, göngustíga, upplýsingaskilta og gestastofu sem myndi veita ferðalöngum upplýsingar um minjar, náttúru og sögu dalsins. Slík gestastofa gæti verið mikilvægur þáttur í að stýra ferðum gesta um dalinn. Í tengslum við framkvæmdir við Reykholt hyggjast Rauðukambar byggja bílastæði og þjónustuhús fyrir gesti baðstaðar og hótels við gatnamót vegar 32 og afleggjara að Reykholti. Nánari útfærsla staðsetningar verði unnin í samráði við Umhverfisstofnun. Henti sú staðsetning ekki hafa Rauðukambar áhuga á því að skoða aðra staðsetningu í dalnum í samráði við Umhverfisstofnun og aðra hagsmunaaðila. Fram kom að Rauðukambar teldu það vera mikið fagnaðarefni að Umhverfisstofnun og Skeiða- og Gnúpverjahreppur hafi hafið vinnu við að friðlýsa dalinn. Rauðukambar lýstu sig reiðubúna til að koma náið að því verkefni og taka þátt í friðlýsingarferlinu.

Í bréfi Vegagerðarinnar, dags. 12. febrúar 2019, minnti Vegagerðin á að á svæðinu væru þjóðvegir sem þarfnast endurbóta, viðhalds og þjónustu í þeim tilgangi að auka umferðaröryggi og mælti með því að gerð yrði grein fyrir þeim við friðlýsingu.



Í bréfi Landssambands hestamannafélaga, dags. 12. febrúar 2019, kom fram að komi til þess að einhverjum reiðleiðum yrði lokað vegna friðlýsingarinnar þá yrði gerð sú krafa að önnur eða aðrar jafngreiðfærar reiðleiðir kæmu í staðinn.

Umsögn Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun bendir á að friðlýsingarskilmálar taka ekki til tiltekinna endurbóta innviða eða framkvæmda á svæðinu og að á friðlýstum svæðum í umsjón Umhverfisstofnunar er almenna reglan sú að leyfi Umhverfisstofnunar, sveitarfélaga og landeigenda þarf eftir því sem við á fyrir framkvæmdum og jarðraski. Í Þjórsárdal gæti einnig þurft leyfi Minjastofnunar Íslands sbr. lög um menningarminjar nr. 80/2012. Almenna reglan varðandi framkvæmdir er að allar framkvæmdir skuli þurfa að fara í gegnum deiliskipulagsferli skv. skipulagslögum nr. 123/2010 lögum nr. 160/2010 um mannvirki, en stefnt er að því að gera ráð fyrir að þegar ekki liggur fyrir staðfest skipulag er Umhverfisstofnun heimilt að veita leyfi fyrir framkvæmdum svo fremi að þær gangi ekki gegn verndarmarkmiðum friðlýsingarinnar.

Hvað varðar framkvæmdir Rauðukamba er samstarfshópur upplýstur um þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru og stefnt er að því að gera ráð fyrir þeim í tillögu að friðlýsingu.

Hvað varðar reiðleiðir innan hins friðlýsta svæðis að þá er gert ráð fyrir bráðabirgðaákvæði í friðlýsingaskilmálum fyrir svæðið þar sem fram kemur að þar til göngu-, hjóla- og reiðstígar hafa verið skipulagðir og kort þess efnis birt í stjórnunar- og verndaráætlun er umferð heimil á þeim leiðum sem hefð er fyrir.

Landgræðsla og skógrækt

Í bréfi, dags. 15. febrúar 2019, frá Hekluskógum kom fram að Hekluskógar setji sig ekki upp á móti friðlýsingu svæðis í Þjórsárdal svo framarlega sem aðgengi til framkvæmda við að sinna þeim svæðum sem nú þegar er búið að græða upp og gróðursetja í sé tryggt. Einnig að áframhaldandi starf á starfssvæði Hekluskóga sem fellur undir friðlýsta svæðið verði haldið áfram. Þá kom fram að þar hefur verið unnið að gróðursetningu birkis, uppgræðslu með áburði og kjötmjöli um árabil. Verkefnið sé unnið í samstarfi við Skógræktina, Landgræðsluna og Landsvirkjun. Markmiðið er að binda jarðveg og undirbúa land fyrir gróðursetningu á trjáplöntum (birki), en gróðursett er í lundi og treyst á náttúrulega framvindu birkisins til að sá sér út í önnur svæði. Farið er að bera á góðum árangri víðast hvar, bæði á uppgræðslusvæðunum og á þeim svæðum sem búið er að gróðursetja í. Birki úr elstu gróðursetningunum sé jafnvel farið að sá sér út. Gróðurhula svæðisins er enn viðkvæm og ef ekki verður haldið áfram að sinna áburðargjöf og gróðursetningu getur landið rofnað aftur og fokið upp, t.d. í kjölfar öskufalls úr Heklu. Hekluskógar óska eftir áframhaldandi góðu samstarfi við landeigendur og aðra hagsmunaaðila á svæðinu svo halda megum áfram því uppgræðslustarfi sem stundað hefur verið á starfssvæði Hekluskóga.

Í bréfi Landgræðslunnar, dags. 20. febrúar 2019, kom fram að Landgræðslan styðji fyrirhugaða friðlýsingu svæðis í Þjórsárdal og taldi að friðlýsingin gæti stuðlað að því að ekki verði frekari skerðing á auðlindum svæðisins og landnýting verði sjálfbær en mikið álag sé á svæðinu meðal annars vegna umferðar ferðamanna. Þá taldi Landgræðslan að það samráðsferli sem kynnt var í bréfi Umhverfisstofnunar væri fullnægjandi. Landgræðslan benti á að þó sérstaða svæðisins felist meðal annars í einstæðri náttúru og menningarminjum þá sé einnig um að ræða eitt mesta rofsvæði landsins þar sem samspil ósjálfbærrar nýtingar og náttúruvár leiddi til eyðingar byggðar. Unnið sé að uppgræðslu- og skógrækt á stórum hlutum innan þessa svæðis, m.a. innan



verkefnisins Hekluskóga, verkefna á vegum Skógræktarinnar, Landgræðslunnar, heimamanna og ýmissa félagasamtaka. Markmið þessara verkefna sé að stöðva jarðvegsrof, endurheimta birkiskóga og aðra gróðurþekju til jarðvegsverndar, varna gegn náttúruvá og öðrum nytjum. Landgræðslan taldi þessi markmið samræmast markmiðum áforma um friðlýsingu. Einnig benti Landgræðslan á að hluti svæðisins fellur undir landbótaáætlanir fyrir Gnúpverjaafrétt 2016-2025 og Flóa- og Skeiðamannaafarétt 2016-2025 vegna gæðastýrðrar sauðfjárframleiðslu. Slíkar áætlanir eru gerðar á grundvelli 13. gr. reglugerðar nr. 1166/2017 sem sett er með heimild í búvörulögum nr. 99/1993. Í þeim kemur fram að uppfylli beitarland ekki viðmið reglugerðarinnar sbr. viðauka I um ástand lands og landnýtingu við reglugerð um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu beri að gera landbótaáætlun til úrbóta.

Svör Umhverfisstofnunar

Gert er ráð fyrir því að friðlýsingaskilmálar fyrir svæðið fjalli um vernd og endurheimt birkiskóga og að vinna við landgræðslu, gróðursetningu birkis og endurheimt birkiskóga sé heimil á því svæði sem kveðið er á um í samningi við Skógræktina. Skógrækt, landgræðsla og aðrar landbætur falli vel að þeim hugmyndum sem uppi hafa verið um friðlýsingu svæðisins og verður gert ráð fyrir þessum atriðum í þeirri tillögu sem lögð verður fram.

Aðrar athugasemdir og ábendingar

Í bréfi frá Minjastofnun Íslands, dags. 18. febrúar 2018, kom fram að stofnunin vinnur að undirbúningi friðlýsingar búsetulandslags og taldi að samlegðaráhrif friðlýsinganna gætu orðið mjög jákvæð fyrir vernd dalsins en mikilvægt væri að gott samráð/samstarf yrði haft um alla framkvæmd friðlýsingarinnar og stjórnunar- og verndaráætlanir verði samþættar eins og kostur er þannig að óvissa skapist ekki um valdheimildir. Grundvallaratriðið væri að þessar tvær friðlýsingar styrki hvor aðra.

Svar Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun hefur ávallt lagt áherslu á samstarf við Minjastofnun Íslands, bæði við undirbúning friðlýsinga og við gerð stjórnunar- og verndaráætlana. Sem liður í því samstarfi bauð Umhverfisstofnun Minjastofnun Íslands að tilnefna fulltrúa í samstarfshóp um undirbúning friðlýsingar svæðis í Þjórsárdal á grundvelli laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, sem stofnunin þáði.

Reykjavík 10. október 2019

UST201805-141/imb